

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um tillögur starfshóps um póstverslun.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hver er afstaða ráðherra til þeirra tillagna starfshóps um póstverslun frá desember 2013 að:
 - a. erlendum fyrirtækjum sem selja vörur og póstleggja til Íslands verði heimilt að innheimta og skila virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum af þeim vörum sem seldar eru til landsins,
 - b. aðflutningsgjöld verði felld niður af hrað- og póstsendingum sem teljast undir 2.000 kr. að fob-verðmæti,
 - c. skil, skipti og viðgerðir póstsendra vara án endurálagningar aðflutningsgjalds verði gerð auðveldari með reglugerðarbreytingu,
 - d. ráðist verði í átak til að tryggja skilvirka upplýsingagjöf um umsýslugjöld flutningafyrirtækja,
 - e. heimild hraðflutningafyrirtækja til niðurfellingar aðflutningsgjalda á hraðsendingum sem teljast undir 2.000 kr. að fob-verðmæti taki bæði til fyrirtækja og einstaklinga í hópi viðskiptavina, ef ekki verður farið að tillögunni í b-lið,
 - f. með reglugerðarbreytingu og nýjum vinnureglum hjá tollstjóra verði tryggt að einstaklingar og fyrirtæki sitji við sama borð og greiði sama gjald vegna tollafgreiðslu í póstverslun,
 - g. útfylling útflutningsskýrsla fyrir útflytjendur sem ekki hafa mikil umsvif verði einfölduð?
2. Við hvaða ráðstöfunum má búast af hálfu ráðuneytisins eða undirstofnana þess í framhaldi af tillögum starfshópsins?

Skriflegt svar óskast.